

Ársfundur Nýheima þekkingarseturs 10. maí 2023 kl. 15:00

Tíundi ársfundur Nýheima þekkingarseturs (NP) haldinn í Nýheimum miðvikudaginn 10. maí 2023 kl. 15:00

Kristín Vala Þrastardóttir var fundarstjóri og Huguín Harpa Reynisdóttir fundarritari.

Málefni fundarins:

I. Opnun fundar

Kristín Vala fundarstjóri setti fundinn og bauð fundargesti velkomna.

II. Skýrsla Stjórnar

Steinunn Hödd Harðardóttir formaður stjórnar fór yfir skýrslu stjórnar. Kemur þar fram að stjórn beindi sérstaklega sjónum sínum að áherslum í starfi setursins og stjórnar. Af fjárhagslegum ástæðum var dregið saman í starfi setursins á árinu með fækkun fastráðins starfsfólks. Þá kom fram að fjölgun stöðugilda á síðustu árum hafi byggt einvörðungu á öflun sértekna en til langs tíma sé það erfitt rekstrarform. Þessu tengt kom fram að ekki hefur enn verið lokið við endurnýjun samnings við ráðuneytið og þar með ekki ljóst hvort takist að tryggja betur grunngerð setursins með auknu framlagi. Við þær aðstæður taldi stjórn vænlegast að draga saman í rekstri, minnka sértekjupörf setursins og þannig gera starfsfólki kleift að vinna enn betur að kjarnaverkefnum starfseminnar. Enda hefur það sýnt sig að svo mikil sértekjupörf er erfið fyrir jafn litla stofnun og Nýheima þekkingarsetur. Steinunn lauk máli sínu á því að þakka starfsfólki setursins fyrir vel unnin störf, elju þeirra og metnað fyrir starfi setursins.

III. Starf setursins árið 2022

Huguín Harpa forstöðumaður setursins sagði frá starfsemi setursins á árinu, helstu verkefnum og viðfangsefnum. Kom fram í máli hennar að starfið var krefjandi enda mörg verkefni í vinnslu á sama tíma og setrið gekk í gegnum breytingar í rekstrinum. Setrið vann að fjölda innlendra samstarfsverkefna sem Huguín kynnti og var það einnig þátttakandi í fimm Evrópuverkefnum á árinu. Fjórum þeirra lauk í desember og þar á meðal fyrsta fjölþjóðlega samstarfsverkefninu sem setrið stýrir sem bar heitið Digital Communities. Greindi Huguín frá því að verkefnið hlaut 90 stig af 100 í mati sérfræðinga og telst þar með til fyrirmyndarverkefna í Erasmus+ sem verður að teljast afar góður árangur. Huguín sagði þá frá starfi setursins með ungu fólki, að stoðum setursins og öðrum kjarnaverkefnum sem áfram verður unnið að. Lauk hún máli sínu á að þakka öllu því starfsfólki sem hefur unnið að verkefnum setursins fyrir þrautseigju þess og dugnað.

IV. Ársreikningur 2022

Huguín Harpa fór yfir ársreikning og gerði grein fyrir helstu liðum hans. Afkoma af rekstri var neikvæð um 6,2 millj. kr. samvæmt rekstrarreikningi og nam eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 13 millj. kr. Ársreikningur var samþykktur á fundi stjórnar í apríl og hafa allir stjórnarmenn undirritað hann með rafrænum hætti.

V. Skipun í embætti stjórnar

Á ársfundi 2021 var skipað í embætti til tveggja ára og er því komið að skipun í embætti að nýju. Fundarstjóri bar upp tillögu um fulltrúa í embætti, tillagan var samþykkt samhljóða.

Mönnun embætta er eftirfarandi:

Formaður: Steinunn Hödd Harðardóttir

Varaformaður: Lilja Jóhannesdóttir

Gjaldkeri: Ingunn Jónsdóttir

Ritari: Gunnar Þór Jóhannesson

VI. Önnur mál

Engin önnur mál.

Eftir fundinn var haldið erindi:

Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands kynnir *Hreiðrið frumkvöðlasetur á Suðurlandi*.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið klukkan 16:15

Kristín Valtýr Þrastardóttir

Steinunn Hödd Harðardóttir

Hugrún Harpa Reynisd.